

# Latína í 6. A (LATÍ3BM13)

## Námsáætlun og námsmat skólaárið 2023-24

### Námsefni á haustmisseri:

Caesar de bello Gallico I

Ljóð eftir Catullus (fjölrit frá kennara)

Ljóðabrot eftir Ovidius (fjölrit frá kennara)

### Námsefni á vormisseri:

Cicero In Catilinam I (kaupa bók í Bóksölu stúdenta)

Texti að vali bekkjarins (fjölrit frá kennara)

Miðaldalatína (fjölrit frá kennara)

### Námsmat:

**Vikulegar skriflegar æfingar**, stílar og ólesnar þýðingar skiptast á. Nemendur mega nota orðabók **bæði** við stílaskrif og ólesnar þýðingar.

**Tvö höfundapróf** verða á hvoru misseri. Á haustmisseri verður tveggja kennslutíma próf úr De bello Gallico Caesars og eins tíma próf úr ljóðum Catullusar. Á vormisseri verður tveggja tíma próf úr In Catilinam Ciceros og eins tíma próf úr texta eftir höfund að vali bekkjarins. Í þessum prófum eru engin hjálpargögn leyfð.

**Jólapróf** í desember úr námsefni haustmisseris. Engin hjálpargögn leyfð.

**Árseinkunn á stúdentsprófi (50%)** byggir á þremur þáttum sem vega jafnt: a) meðaltali stíla og ólesinna þýðinga, b) meðaltali prófa og c) ástundun (mætingu skv. einkunnaskala í skólaári og heimavinnu og virkni í tímum)

**Prófseinkunn á stúdentsprófi (50%)** byggir á þriggja tíma skriflegu prófi (65%) úr öllum lesnum frumtextum (lesin þýðing, greining, ólesin þýðing og stíll) og munnlegu prófi (35%) úr öllum lesnum frumtextum auk þess sem nemendur eiga að geta sagt frá ævi og verkum höfunda, nefnt bragarhætti ljóða og útskýrt texta efnislega. Leyfileg hjálpargögn á skriflegu stúdentsprófi: orðabækur.

Birt með fyrirvara um breytingar